



Svar við skriflegri fyrirspurn (E3/2024) um rétt til atvinnuleysisbóta eftir launalaust leyfi og uppsögn úr starfi í Noregi/Finnlandi

Ég vil fyrst og fremst byrja á því að undirstrika mikilvægi þess að standa vörð um hinn sameiginlega norræna vinnumarkað sem hefur verið til frá árinu 1954. Í ár, undir formennsku Svíþjóðar í Norrænu ráðherranefndinni, munum við fagna því að hafa haft sameiginlegan vinnumarkað í heil 70 ár. Norrænt samstarf um málefni atvinnuleysistrygginga nær þó enn lengra aftur í tímann. Þegar árið 1949 var fyrsti norræni fundurinn haldinn um atvinnuleysistryggingar.

Sú staða sem getur komið upp fyrir einstaklinga sem búa í Svíþjóð og fá launalaust leyfi frá störfum í Noregi eða Finnlandi skýrist af mismunandi regluverki landanna sem miðast við innlendu vinnumarkaðina. Í Svíþjóð á launafólk sem fær leyfi frá störfum í flestum tilfellum rétt á að halda launum sínum og starfkjörum á því tímabili. Þetta er ástæðan fyrir því að sænskar atvinnuleysistryggingar eru ekki veittar fyrir launalaust leyfi.

Frá því að ríkisstjórnin tók við völdum hefur hún staðið fyrir umfangsmikilli vinnu við endurbætur á sænskum atvinnuleysistryggingum og í febrúar á þessu ári var lögð fram tillaga um nýjar atvinnuleysistryggingar sem miðast við tekjur í stað vinnutíma. Lagt er til að nýju atvinnuleysisbótatryggingar nái til fleiri, fyrst og fremst með því að fleiri sem hafa tengingu við vinnumarkaðinn fái atvinnuleysisbætur en í dag. Lagt er til að nýja regluverkið taki gildi 1. október 2025.

Eins og vinnumarkaðsráðuneytið hefur áður svarað
stjórnsýsluhindranaráðinu varðandi núverandi stjórnsýsluhindrun (14-022)

fyrir fólk sem sækir vinnu yfir landamæri eru regluverk landanna eru byggð á mismunandi grunni og í mörgum tilfellum er erfitt að samræma þau. Að finna lausn á þessari stjórnsýsluhindrun milli norrænu landanna er flókið og myndi að öllum líkindum fela í sér breytingar á lögum landanna. Til að ekki komi upp aðstæður sem brjóta gegn jafnræðisreglu ESB telur Svíþjóð að forðast beri að taka upp undantekningar eða annars konar reglur um skilyrði fyrir rétti til atvinnuleysisbóta í norrænu löndunum.

Ríkisstjórn Svíþjóðar stendur vörð um hinn samnorræna vinnumarkað. Frá árinu 2016 hafa viðræður staðið yfir innan ESB um breytingar á núverandi ákvæðum í reglugerðum (EB) 883/2004 og 987/2009 um samræmingu almannatryggingakerfa. Ein ósvöruð spurning í þessum viðræðum snýst um frá hvaða landi einstaklingur á að sækja um atvinnuleysisbætur þegar viðkomandi býr í einu aðildarríki en hefur starfað í öðru. Til dæmis þarf slíkur atvinnulaus einstaklingur að sækja um bætur frá búsetulandinu samkvæmt núverandi reglum en samkvæmt tillögu að endurskoðun reglnanna þarf viðkomandi þess í stað að sækja um bætur frá vinnulandinu að loknum tilteknum tíma. Slík lausn gæti auðveldað aðstæður þar sem grundvallarmunur er á milli laga í búsetulandinu og vinnulandinu. Viðræður um endurskoðun reglugerða (EB) 883/2004 og 987/2009 standa enn yfir og voru í miklum forgangi undir formennsku Svíþjóðar í ráðherranefnd ESB.

Til ríkisstjórnar Svíþjóðar

Johan Pehrson
Vinnumála- og aðlögunarráðherra